



Imbra, söngleikur og árshátíð

Að venju héldum við Imbrudaga í lok febrúar og var þemað að þessu sinni Hollywood og fengum við marga skemmtilega gesti í af því tilefni þessa daga. Einnig voru fjölmargir kennarar með áhugaverða fyrirlestra sem tengdust Hollywood.

Leikfélagið Verðandi frumsýndi söngleikinn **South Park—Stærra lengra óklípt** miðvikudagin 24. febrúar. Valið á söngleiknum er djart og mátti greinilega heyra á starfsmönnum að sumum þótti langt gengið í orðfæri í sýningunni enda er sýningin bönnuð yngri en 12 ára. Að mati þess sem hér heldur um penna var sýningin vel heppnuð og dregur fram áleitnar spurningar þó vissulega sé farið út á ystu mörk í orðfæri. Upplýsingar um næstu sýningar má sjá [hér](#).

Árshátíð NFFG var um kvöldið og hófst með árshátíðarmat í Urðarbrunni. Steindi og Auðunn Blöndal sáu um veislustjórn og Jón Jónsson söng nokkur lög. Kennarar voru einnig með skemmtiatriði og skapaðist mikil stemning í salnum. Síðar um kvöldið var stíginn dans á Spot og fór sá dansleikur nokkuð vel fram.

Fleiri myndir frá þessum atburðum má sjá á [Facebook síðu skólans](#).



Á Imbrudögum detta inn góðir gestir. Hér er spákonan Sigga Kling ásamt Guðlaugi Trésmíðakennara.

Mikið um forföll

Það sem af er annar hefur verið óvenju mikið um forföll nemenda og starfsmanna. Það er ljóst að flensan og aðrar umgangspæstir fara ver með okkur en undanfarnar annir. Þegar bætast við utanlandsferðir og skíðaferðir á vegum skólans þá er hætt við að sumir nemendur hafi misst meira úr en æskilegt er.

Við hvetjum nemendur til að nýta sér Námsnetið til að þeir dragist ekki aftur úr í námi og mæta í smíðjur til að vinna upp þá tíma sem fallið hafa niður. Því miður tíðkast ekki að hafa forfallakennara í framhaldsskólum nema forföll standi yfir í lengri tíma. Þegar ferðir eru á vegum skólans með kennurum reynum við þó alltaf að finna kennara til að hlaupa í skarðið.



Auddi Blö og Steindi heilsa upp á nemendur.

Miðannarmat

Í þessari viku færa kennarar miðannarmat og er tilvalið fyrir foreldra að kynna sér niðurstöðuna þegar hún liggur fyrir um næstu helgi. Athugið að þetta er ekki endanleg einkunn en gefur góða vísbendingu um hver staða nemandans er á þessum tímavæðingum. Nemandi sem fær „Ó“ í miðannarmati mun falla í vor nema eitthvað mikið breytist á þeim tíma sem eftir lifir annarinnar.

Skóladagatal

Skóladagatal næsta árs (haustönn 2016 og vorönn 2017) er komið á [heimasíðuna](#). Það er alltaf birt með fyrirvara um breytingar.

Próftafla vorannar 2016 mun birtast á heimasíðu skólans í vikunni.